

41. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 11. janúar og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Elín Grétarsdóttir. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Dagskrá

1. Lögreglustjórinn á Suðurlandi
2. Samningur við Orkuveitu Reykjavíkur um ábyrgðargjald
3. Söfnun seyrú útboð
4. Fundargerðir
5. Sameiningarviðræður
6. Heimgreiðslur reglur
7. Íþróttá- og tómstundastyrkur reglur
8. Erindi til hreppsnefndar
9. Fundaáætlun fyrir árið 2017 og næsti fundur hreppsnefndar

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna.

Gengið til dagskrár:

1. Lögreglustjórinn á Suðurlandi

Dagskrárliður frestast til næsta reglubundins fundar hreppsnefndar.

2. Samningur við Orkuveitu Reykjavíkur um ábyrgðargjald

Með samningi dags. 25. janúar 2005 seldu Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Ásahreppur Hitaveitu Rangæinga til Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Heildarkaupverð var kr. 646.303.322 og hluti kaupverðs var greiddur með yfirtöku langtímalána sem sveitarfélögin höfðu tekið vegna uppbyggingar hitaveitunnar, en þau voru:

<i>Lánasjóður sveitarfélaga, 15 skuldabréf samtals</i>	<i>kr. 36.927.072</i>
<i>Búnaðarbankinn verðbréf</i>	<i>kr. 172.438.684</i>
<i>Íslandsbanki skuldabréf nr. 1-30</i>	<i>kr. 316.137.566</i>
<i>Eða alls</i>	<i>kr. 525.303.322</i>

Sveitarfélögin þrjú voru öll í ábyrgðum gagnvart lánveitendum en aldrei stóð til að ábyrgðirnar héldust áfram eftir kaupin heldur myndi OR sjá um að aflétta þeim ábyrgðum með uppgreiðslum eða öðrum hætti. Þegar frá leið komust sveitarfélögin að því að ábyrgðum vegna lánanna hafði ekki verið létt af þeim og helsta skýringin var sú að eigendur skuldabréfanna neituðu að taka við uppgreiðslu utan Lánasjóðs sveitarfélaga. Þá vildu eigendur skuldabréfanna lítið gefa eftir þar sem vaxtakjör voru góð fyrir eigendur og vandséð að betri ábyrgðaraðilar fengjust.

Í desember 2011 gerði Ásahreppur formlega kröfu til þess að OR aflétti lánunum eða greiddi ábyrgðargjald. Um tíma gekk hvorki né rak í þessum málum en sveitarfélögin 3 ítrekuðu kröfur sínar. Sammæltust þau um að Ásahreppur myndi hafa forgöngu í samningamálum við OR og komust málin fyrst verulega á skrið á sl. ári. OR viðurkenndi að rétt væri að OR greiddi ábyrgðarþóknun en ágreiningur varð um prósentu. Í lok árs 2016 náðist loks samningur um að OR myndi greiða hverju sveitarfélagi fyrir sig 0,3% þóknun árlega af ábyrgðarskuld á hverjum tíma og jafnframt skyldi OR greiða ábyrgðargjald aftur í tímamótum frá og með árinu 2012.

Í samningi sveitarfélaganna við OR er fyrirvari sem m.a. lýtur að því að með töku ábyrgðargjalds felist engin viðurkenning af þeirra hálfu á ábyrgðunum eða varanleika þeirra, miklu fremur sé um bráðabirgðaráðstöfun að ræða vegna tímabundins ástands og áhættu. Jafnframt að sveitarfélögin

gangist ekki undir áframhaldandi ábyrgð á skuldum OR gagnvart lánveitendum sjálfviljug. Af hálfu OR var því lýst yfir að hún muni leysa sveitarfélögin undan ábyrgðum á ofangreindum lánnum eins fljótt og auðið er.

Samkomulag varð um það milli sveitarfélaganna þriggja að þau myndu skipta með sér jafnt kostnað sem Ásahreppur hefði orðið fyrir vegna samninganna, þ. á m. lögmannskostnaði.
Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi samning.

3. Söfnun seyru útboð

Lagt fram minnisblað frá Berki Brynjólfssyni starfsmanni umhverfis- og tæknimála Skipulags- og byggingarfulltrúa bs., vegna söfnunar á seyru og sameiginlegs útboðs aðildarsveitarfélaganna. Hreppsnefnd samþykkir að fara í sameiginlegt útboð.

4. Fundargerðir

124. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 22. desember sl.

Lagt fram til kynningar.

5. Sameiningarviðræður

Oddvitar og sveitarstjórar sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu og á vesturbakka Þjórsár áttu óformlegan fund í Árnesi þann 20. desember 2016. Til fundarins var boðað fyrir tilstuðlan sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að ræða samstarf og samvinnu þessara sveitarfélaga. Niðurstaða fundarins var að óska eftir því við sveitarstjórnir fyrrgreindra sveitarfélaga að taka þátt í skoðun á þeim tækifærum og ágöllum sem gætu falist í mögulegri sameiningu þessara sveitarfélaga. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga styrkir slíka vinnu skv. sérstökum reglum þar um. Samkvæmt XII kafla sveitarstjórnarlaga ber í slíkum tilfellum að kjósa sérstaka samstarfsnefnd til að annast athugun málsins þar sem hver sveitarstjórn tilnefnir tvo eða fleiri í nefndina eftir samkomulagi. Með erindi þessu er óskað eftir því við sveitarstjórnir í Rangárvallasýslu, Flóahreppi og Skeið- og Gnúpverjahreppi að þær taki afstöðu til þátttöku í verkefninu og eftir atvikum skipi tvo fulltrúa í samstarfsnefnd sem yrði kölluð saman fyrir lok janúar 2017.

Hreppsnefnd samþykkir að taka þátt í samtalinu. ES og NJ skipuð í samtalshópinn.

6. Heimgreiðslur reglur

Greiðslurnar eru fyrir börn á aldrinum 9 - 18 mánaða sem eru ekki á leikskóla hvort heldur sem er vegna þess að ekki er pláss eða að foreldrar velja að hafa börnin heima fyrst í stað. Þeir sem eiga af einhverjum ástæðum ekki rétt á fæðingarorlofi í níu mánuði geta sótt um að fá greiðslu frá 6 mánaða aldri barnsins. Heimgreiðsla er bundin því að barn sé með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi. Við flutning á lögheimili barnsins úr sveitarfélaginu falla heimgreiðslur niður frá og með sama degi. Heimgreiðsla fellur niður þegar barn hefur leikskólagöngu. Hámarksupphæð heimgreiðslu er kr. 30.000 á mánuði fyrir hvert barn. Umsókn þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar, mánuði áður en greiðslur eiga að hefjast. Greiðslur hefjast í fyrsta lagi 1. dag mánaðar eftir að barnið er orðið 9 mánaða gamalt og lýkur í síðasta lagi 1. dag mánaðar eftir að barnið nær 18 mánaða aldri. Verði um ofgreiðslu að ræða á heimgreiðslum áskilur Ásahreppur sér rétt til endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafið gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til heimgreiðslu er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar verða endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir.

Hreppsnefnd staðfestir reglur þessar fyrir árið 2017.

7. Íþrótt- og tómstundastyrkur reglur

Styrkurinn er fyrir börn og ungmenni upp að 18 ára aldri, miðað við fæðingarár. Skilyrði er að bæði barn og foreldri eigi lögheimili og séu með aðsetur í Ásahreppi. Styrkinn er hægt að nýta til niðurgreiðslu á skipulögðu starfi sem er stundað undir leiðsögn viðurkenndra þjálfara eða

leiðbeinanda. Þetta á við um starfsemi viðurkenndra íþróttafélaga, æskulýðsfélaga, nám við tónlistarskóla, dansskóla, myndlistarskóla og fl.

Meginmarkmið tómskundastyrksins er að auka valfrelsi, jafnrétti og fjölbreytni á sviði íþrótt- og tómskunda með þátttöku barna og unglunga í uppbyggilegu frístundastarfi, óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Gildi þess að taka þátt í skipulögðu íþrótt- og tómskundastarfi fyrir börn og unglunga er ótvírætt hvað varðar líkamlega, andlega og félagslega heilsu.

Íþrótt- og tómskundastyrkurinn nemur allt að 50.000.- kr. á árinu 2017 á hvern iðkenda. Styrkur getur aldrei orðið hærri en sem nemur æfingagjaldi viðkomandi íþrótt- eða tómskundagreinar. Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði sem nálgast má á heimasíðu Ásahrepps ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Ásahrepps, á netfangið asahreppur@asahreppur.is eða í pósti.

Á greiðslukvittun þarf að koma fram nafn/kennitala félags, nafn og kennitala iðkenda, dagsetning greiðslu, íþrótt/tómskund og tímabil. Umsóknir þurfa að berast fyrir 15. des, fyrir árið 2017.

Verði um ofgreiðslu að ræða á styrki áskilur Ásahreppur sér rétt til endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til styrks er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar verða endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir.

Hreppsnefnd staðfestir reglur þessar fyrir árið 2017.

8. Erindi til hreppsnefndar

a) Ályktun frá stjórn Félags sauðfjábænda í Rangárvallasýslu

Upp er komin sú staða að heyflutningar úr Árnassýslu yfir í Rangárvallarsýslu hafa átt sér stað. Leiguliði í Köldukinn í Rangárþingi ytra hefur fengið leyfi hjá Matvælastofnun til að flytja hey frá Jökli á Ósabakka Skeiða-og Gnúpverjahreppi að Köldukinn og hefur þegar hafist handa við að gefa heyið. Þjórsá er sauðfjárveikivarnarlína og þar af leiðandi eiga ekki að vera heyflutningar úr Árnassýslu yfir varnarlíununa Þjórsá þar sem riðuveiki hefur komið upp í Árnassýslu. Stjórn Félags sauðfjábænda í Rangárvallasýslu telur það mjög mikið ábyrgðarleysi að heyflutningar séu stundaðir úr Árnassýslu yfir í Rangárvallasýslu með tilliti til sauðfjárveikivarna og leitar því til sveitarstjórnar í Rangárþingi ytra og sveitarstjórnar Ásahrepps að taka málið fyrir og fylgja því eftir að slíkir heyflutningar yfir varnarlínu eigi sér stað.

Hreppsnefnd tekur undir með stjórn Félags sauðfjábænda í Rangárvallasýslu. Sveitarstjóra falið að senda Mast bréf vegna málsins.

b) Erindi frá Jóni Sæmundssyni Ráðagerði vegna varmadælu

Þar sem Orkuveita Reykjavíkur telur ekki fært að leggja hitaveitu að húsi okkar í Ráðagerði óska ég eftir fjárhagslegri aðkomu Ásahrepps við uppsetningu á varmadælukerfi. Vísa ég í bókannir hreppsnefndar Ásahrepps annars vegar 20. mars 2012 og hins vegar 11. des. 2013.

Samþykkt og sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.

c) Beiðni frá Geðverndarfélagi Íslands um auglýsingu/styrktarlínu í tímaritið Geðvernd 46. árangur.

Samþykkt að kaupa stuðningskveðju kr. 10.000.

d) Erindi frá deildarstjóra félagslegrar heimaþjónustu hjá Félags – og skólaþjónustu Rangárvalla – og Vestur-Skaftafellssýslu bs. vegna matarsendinga í Ásahreppi.

Óskað er eftir því að sveitarstjórn taki afstöðu til þess hvort matarsendingar til eldri borgara eigi að miðast við ákveðinn radius út frá sveitarstjórnarskrifstofu Ásahrepps eða eigi að berast öllum þeim eldri borgurum í Ásahrepp, sem sækja um heimsendan mat, burtséð frá lögheimili þeirra.

Hreppsnefnd samþykkir að þeir íbúar sem eiga lögheimili og aðsetur í Ásahreppi og hafa rétt á matarsendingu fái þá þjónustu. Jafnframt óskar hreppsnefnd eftir að byggðarsamlagið setji samræmdar reglur og gjaldskrár um þjónustu sína.

e) Styrkbeiðni frá Anniku Rut Arnarsdóttur Herriðarhóli

Hreppsnefnd

Nú í vetur fer af stað keppni í hestaíþróttum sem heitir "Meistaradeild æskunnar". Keppnin er liðakeppni fyrir keppendur á aldrinum 13-18 ára. Þátttökugjald fyrir liðið er 125.000 kr. Einnig þar að greiða þjálfara og liðsstjóra liðsins gjald fyrir umsjón og kennslu liðsins. Við erum þrjár stelpur búsettar í Ásahreppi saman í liði. Mig langar að spyrja Hreppsnefndina hvort hún sjái sér fært um að styrkja okkur fjárhagslega.

Hreppsnefnd bendir Anniku og liðsfélögum hennar á að nýta sér íþrótt- og tólmundastyrk Ásahrepps, en styrkinn er hægt að nýta til niðurgreiðslu á skipulögðu starfi sem er stundað undir leiðsögn viðurkenndra þjálfara eða leiðbeinanda og gildir fyrir börn og ungmenni upp að 18 ára aldri.

f) Umsókn frá formanni Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu um styrk vegna endurnýjunar á sérhæfðum björgunarsveitarbíl til að flytja sjúkling úr fjallendi.

Hreppsnefnd samþykkir að styrkja bílakaupin um kr. 500.000.

9. Fundaáætlun fyrir árið 2017 og næsti fundur hreppsnefndar

Gert er ráð fyrir því að hreppsnefnd fundi einu sinni í mánuði annan miðvikudag kl. 9:00 að júlímánuði undanskildum og þriðja miðvikudag í ágúst árið 2017. Næsti fundur hreppsnefndar áætlaður 8. febrúar nk.

Til kynningar:

- A. Til umsagnar 6. mál frá nefndasviði Alþingis.
- B. Stefna Ásahrepps á hendur Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og íslenska ríkinu vegna ólögætrar skerðingar á fjárframlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- C. Undirbúningur að gerð landsskýrslu um innleiðingu Árósasamningsins.
- D. New BBC series - aðstoð/ábendingar vegna spennandi verkefnis.
- E. Fréttatilkynning frá Strætó – Gjaldskrárhækkun.
- F. Fundargerð frá desemberfundi stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.
- G. Vegna kjaradeilu við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.
- H. Landsnet hf. - Kerfisáætlun 2016-2025 - leiðrétting - Framlenging á fresti til að skila umsögnum.
- I. Bergrisinn - 21. og 22. fundargerð.
- J. Fjölmíðlaskýrsla 2016.
- K. 515. fundur stjórnar SASS.
- L. SASS - Skýrsla um um húsnæðismál á Suðurlandi.
- M. Ýmsar lykiltölur um leik- og grunnskóla, Samband íslenskra sveitarfélaga.
- N. Fundargerð 845. fundar stjórnar Sambandsins.
- O. Vegna Félags leikskólakennara.
- P. Stefnumótun og mismunandi fyrirkomulag Markaðsstofa landshlutanna (MAS).
- Q. Mannamót 19. janúar 2017
- R. Undirbúningur að gerð landsskýrslu um innleiðingu Árósasamningsins.
- S. Bergrisinn - 23. fundargerð.
- T. Um snjalltækjanotkun, umboðsmaður barna.
- U. Framtíðarhorfur, Brexit og færni vinnuafslisins til umfjöllunar á 14. fundi EES EFTA sveitarstjórnarvettvangs.
- V. Ester málþing.
- W. Fundargerðir svæðisráðs vestursvæðis 2016.
- X. Fundargerðir skólamálanefndar.
- Y. Fréttabréf Markaðsstofu Suðurlands desember 2016.
- Z. Ráðstefna BUGL "Hinn gullni meðalvegur" 13. jan. 2017 á Grand Hótel.
- AA. Kennarar og stjórnendur í tónlistarskólum samningslausir.
- BB. Norskt um sameiningar sveitarfélaga.
- CC. 251. stjórnarfundur SOS.
- DD. Málefni sveitarfélaga - styrkir til meistaránema 2017.
- EE. Dagur leikskólans 2017.
- FF. Spurt og svarað um heimagistingu, Samband íslenskra sveitarfélaga.
- GG. Námskeið í stjórnáætlun fyrir starfsmenn ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga 24. janúar - 2. mars 2017 - Einnig í boði í fjarnámi.
- HH. Skráning - Vormót borgar-, bæjar- og sveitarstjóra Íslands 2017 í Þingeyjarsýslu.
- II. Geðheilbrigði skólabarna - Morgunverðarfundur sambandsins um skólamál 27. janúar á Grand Hótel.
- JJ. Vegna rafræns útboðskerfis – Þátttökutilkynning.
- KK. Áætlun vegna dekkjakurls.
- LL. Athugasemdir KÍ við yfirlýsingu SNS frá 22. desember.
- MM. Húsnæðisáætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga gagnvart fötluðu fólki.

Hreppsnefnd

NN. Bréf frá Fulltrúaráði Sólheima.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.
Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. xx:xx

Elín Grétarsdóttir (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

Karl Ölvisson (sign)

Egill Sigurðsson (sign)

Nanna Jónsdóttir (sign)